



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg, 10. febrúar 2016

**Efni: Umsögn á frumvarpi til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 3. febrúar s.l. var lögð fram beiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 28. janúar 2016 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**13. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.**

*Í tillögum að breytingum á lögnum er verið að rýmka verulega ákvæði um leyfisveitingar. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps bendir á að heimildir til útleigu í allt að 90 daga án leyfis er ekki í samræmi við jafnræðisreglunni. Einnig skal bent á að 90 dagar á háannartíma á mörgum stöðum á landinu er ferðatímabilið í heild sinni. Ekki er samræmi í eftirliti og kvöðum hvort það eru 90 dagar eða 91 dagar. Öll hús sem skilgreind eru til ferðaþjónustu bænda eru í C-flokki fasteignaskatts, með þessu móti er verið að hygla einstaklingum í samkeppni við þessa starfsemi. Einnig er nokkuð ljóst að eftirlit sýslumanna á þessari starfsemi verður óyfirstíganlegt þar sem heimildir eru til að leigja út hluta af íbúðarhúsi og hluta af sumarhúsi eða annarri eign sem getur verið í umdæmi fleiri en eins sýslumanns. Sveitarstjórn leggst því alfarið gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttu.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri